

Samtök aldraðra, byggingarsamvinnufélag.

Málsaðili : Byggingarsamvinnufélagið Samtök
Tengiliður :
Dagsetning : 11.02.2021
Númer : 2011539
Flokkur : 520 Lóða- og byggingamál almennt

Efni :

Erindi frá Samtökum aldraðra, byggingarsamvinnufélags var tekið fyrir á fund starfshóps um endurskoðun húsnæðisáætlunar þann 9.febrúar s.l. og eftirfarandi bókað: "Lagt fram erindi frá Samtökum aldraðra, byggingarsamvinnufélags, þar sem fram kemur ósk um viðræður um að félaginu verði úthlutað lóð í Hafnarfirði til byggingar fjölbýlishúss/a fyrir aldraða í Hafnarfirði. Á fundi bæjarráðs var erindinu vísað til umfjöllunar í fjölskylduráði sem m.a. bókaði á fundi sínum þann 18.desember 2020 eftirfarandi: ?Fjölskylduráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að starfshópur um húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar sem vinnur að uppfærslu á húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar taki erindið til skoðunar í sinni vinnu.? Starfshópurinn tekur jákvætt í erindi Samtaka aldraðra og er sammála um að við endurskoðun húsnæðisáætlunarinnar verði litið til erindisins með jákvæðum hætti. Niðurstaða starfshópsins verði kynnt á næsta fundi fjölskylduráðs.

Hafnarfjörður 11.febrúar 2021
Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.